


# Kynjabókhalð KÍ 2015

**KENNARASAMBAND ÍSLANDS**

Jafnréttisnefnd KÍ

Kennarasamband Íslands (KÍ) tók formlega til starfa 1. janúar árið 2000. Að KÍ standa átta félög, þ.e. Félag grunnskólakennara (FG), Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag leikskólakennara (FL), Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag stjórnenda leikskóla (FSL) og Félag kennara á eftirlaunum (FKE). Í KÍ eru því kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum landsins. Félagsmenn KÍ eru rúmlega 10.000, 8.315 konur og 2.048 karlar (sjá mynd 1). Kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur sem eru á eftirlaunum, í fæðingarorlofi, á atvinnuleysisbótum eða örorkulífeyri eiga jafnframt rétt á félagsaðild kjósi þeir svo.



Mynd 1. Kynjaskipting félagsmanna KÍ

Í 2. gr. laga KÍ er fjallað um hlutverk sambandsins og þar kemur fram að eitt þeirra er að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna. Á þeim grunni starfar jafnréttisnefnd KÍ sem á að vera stjórn KÍ til ráðuneytis um jafnréttismál og gera tillögur til stjórnar um aðgerðir í málaflokknum. KÍ hefur sett sér jafnréttisstefnu sem er byggð á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ásamt öðrum lagaákvæðum sem leggja bann við mismunun. Stefna þessi á einnig rætur í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og mannréttindayfirlýsingum.

Jafnréttisstefna KÍ nær til allra félagsmanna KÍ, starfsmanna og annarra sem starfa á vegum sambandsins. Í samræmi við jafnréttisstefnu KÍ hefur jafnréttisnefnd ákveðið að hefja gerð kynjabókhalds sem verður gefið út reglulega. Það er mikilvægt fyrir KÍ að greina lykiltölur eftir kynjum á helstu sviðum starfsemi sambandsins og aðildarfélaga þess, bæði til aðhalds og til að fyrir hendi séu upplýsingar um stöðu mála, til stuðnings við stefnumótun og ákvarðanatöku. Jafnrétti á vinnustað og í félagsstarfi er grundvallaréttur allra félagsmanna og starfsmanna.

Bókhaldið er byggt á tölum miðað við starfsemi KÍ og aðildarfélaga þess í mars 2015. Hér eru settar fram upplýsingar, gröf og línurit yfir kynjaskiptingu félagsmanna, stjórnra, ráða og nefnda KÍ og aðildarfélaga og ýmissa fulltrúa er starfa fyrir sambandið og aðildarfélögin. Einnig er yfirlit yfir kynjahlutfall starfsfólks Kennarahússins.

## KENNASAMBAND ÍSLANDS

### Stjórn KÍ

Stjórn KÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Í stjórn KÍ eiga sæti formaður og varaformaður KÍ sem kosnir eru í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ (að FKE undanskildu). **Formaður KÍ er Þórður Á. Hjaltested og varaformaður er Aðalheiður Steingrímsdóttir.**



Mynd 2. Fjöldi kvenna og karla í stjórn KÍ

### Skólamálaráð KÍ og framkvæmdastjórn

Á vegum flestra aðildarfélaganna KÍ starfa skólamálanefndir sem sinna faglegum málefnum, skólamálum og eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna ásamt því að annast tengsl við kennslu- og faggreinafélög. Hjá Félaga stjórnenda í framhaldsskólum (FS) hefur stjórn þó þetta hlutverk. Hjá Félaga kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) sinnir fagráð félagsins þessu verkefni.


Hóparnir mynda skólamálaráð KÍ ásamt formanni og varaformanni KÍ sem jafnframt er formaður skólamálaráðs. Kynjaskiptingu hvarrar skólamálanefndar er að finna í köflum um hvert aðildarfélag. Formenn skólamálanefnda aðildarfélaganna og formaður skólamálaráðs mynda framkvæmdastjórn skólamálaráðs.



Mynd 3. Fjöldi kvenna og karla í framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ

## Stjórn orlofssjóðs


Hlutverk orlofssjóðs KÍ er að annast og/eða leigja orlofsheimili fyrir félagsmenn KÍ og úthlutun þeirra ásamt því að semja um aðra orlofsmöguleika. Hvert aðildarfélag KÍ tilnefnir einn af sjö aðalmönnum og einn af sjö varamönnum í stjórn orlofssjóðs. Stjórn KÍ skipar formann úr þeim hópi og staðfestir tilnefningar aðildarfélaga. **Formaður orlofssjóðs er Elís Þór Sigurðsson.**



Mynd 4. Fjöldi kvenna og karla í stjórn orlofssjóðs KÍ

## Stjórn sjúkrasjóðs


Hlutverk sjúkrasjóðs er m.a. að veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla, styðja sjóðfélaga vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma og styðja sjóðfélaga í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra. Hvert aðildarfélag KÍ tilnefnir einn af sjö aðalmönnum og einn af sjö varamönnum í stjórn sjúkrasjóðs. Stjórn KÍ skipar formann úr þeim hópi og staðfestir tilnefningar aðildarfélaga. **Formaður sjúkrasjóðs er Kristín Stefánsdóttir.**



Mynd 5. Fjöldi kvenna og karla í stjórn sjúkrasjóðs KÍ

## Stjórn vinnudeilusjóðs


Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn þegar þeir eiga í vinnudeilum og greiða kostnað við vinnudeilur. Hvert aðildarfélag KÍ tilnefnir einn af sjö aðalmönnum og einn af sjö varamönnum í stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ. Stjórn KÍ skipar formann úr þeim hópi og staðfestir tilnefningar aðildarfélaga. **Formaður vinnudeilusjóðs er Guðbjörn Björgólfsson.**



Mynd 6. Fjöldi kvenna og karla í stjórn vinnudeilusjóðs KÍ

### Kjörstjórn KÍ


Kjörstjórn stýrir kosningu formanns og varaformanns KÍ, hefur yfirumsjón með fulltrúakjöri fyrir þing KÍ og undirbýr og stjórnar allsherjaratkvæðagreiðslum um verkfallsboðanir og kjarasamninga. Stjórn KÍ skipar þrjá aðalmenn og tvo til vara í kjörstjórn sem starfar milli þinga úr hópi þeirra fulltrúa sem aðildarfélögin tilnefna. **Formaður kjörstjórnar er Björk Helle Lassen.**



Mynd 7. Fjöldi kvenna og karla í kjörstjórn KÍ

## Framboðsnefnd KÍ


Hlutverk framboðsnefndar er að sjá um framboð til formanns og varaformanns KÍ og er nefndin kölluð saman í síðasta lagi ári fyrir þing KÍ. Stjórnir aðildarfélaga KÍ skipa í nefndina einn aðalmann og einn til vara. Nefndin hefur ekki hafið störf og því er ekki búið að velja formann.



Mynd 8. Fjöldi kvenna og karla í framboðsnefnd KÍ

## Jafnréttisnefnd KÍ

Hlutverk jafnréttisnefndar er að vinna samkvæmt jafnréttisstefnu KÍ, vera stjórn KÍ til ráðuneytis um jafnréttismál og gera tillögur til stjórnar um aðgerðir í jafnréttismálum. Jafnréttisnefnd skal skipuð þremur til fimm fulltrúum sem stjórn KÍ skipar skv. tillögum frá aðildarfélögum KÍ. Aðildarfélög skólastjórnenda leik-, grunn- og framhaldsskóla tilnefna allajafna einn fulltrúa sameiginlega í nefndina. **Formaður jafnréttisnefndar er Guðrún Jóhannsdóttir.**




Mynd 9. Fjöldi kvenna og karla í jafnréttisnefnd KÍ

## Siðaráð KÍ

Hlutverk siðaráðs er m.a. að halda á lofti umræðu og fræðslu um siðareglur kennara og koma á samræðu hagsmunaaðila skólasamfélagsins um viðfangsefni siðareglanna. Siðaráð skal skipað þremur til fimm fulltrúum sem stjórn KÍ skipar skv. tillögum frá aðildarfélögum KÍ. Aðildarfélög skólastjórnenda leik-, grunn- og framhaldsskóla tilnefna allajafna einn fulltrúa sameiginlega í ráðið.


**Formaður siðaráðs er Ægir Karl Ægisson.**



**Mynd 10. Fjöldi kvenna og karla í siðaráði KÍ**

## Vinnuumhverfisnefnd KÍ


Hlutverk vinnuumhverfisnefndar er að vinna skv. stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum og annast ráðgjöf, fræðslu og upplýsingagjöf til félagsmanna um vinnuumhverfismál, sálfélagslega álagsþætti í vinnuumhverfinu og samskipti á vinnustað. Nefndin skal skipað þremur til fimm fulltrúum sem stjórn KÍ skipar skv. tillögum frá aðildarfélögum KÍ. Aðildarfélög skólastjórnenda leik-, grunn- og framhaldsskóla tilnefna allajafna einn fulltrúa sameiginlega í nefndina. **Formaður vinnuumhverfisnefndar er Ásdís Ingólfssdóttir.**



**Mynd 11. Fjöldi kvenna og karla í vinnuumhverfisnefnd KÍ**

## Útgáfuráð KÍ


Á sjötta þingi KÍ 2014 var samþykkt að stofna útgáfuráð KÍ. Meðal hlutverka útgáfuráðs er að gera KÍ sýnilegt, auka upplýsingamiðlun til félagsmanna og stuðla að aukinni umræðu um mennta-, fag- og kjaramál kennara. Stjórn hvers aðildarfélags tilnefnir einn fulltrúa í útgáfuráð og einn til vara. Auk þeirra sitja tveir starfsmenn útgáfusviðs KÍ í ráðinu og formaður og varaformaður KÍ. **Aðalbjörn Sigurðsson, útgáfu- og kynningarstjóri KÍ, er formaður útgáfuráðs.**



Mynd 12. Fjöldi kvenna og karla í útgáfuráði KÍ

## Fræðslunefnd KÍ

Á sjötta þingi KÍ 2014 var samþykkt að stofna fræðslunefnd KÍ. Hlutverk hennar er að gera tillögur um og skipuleggja fræðslu á vegum KÍ í samráði við stjórn, nefndir og ráð KÍ og formenn svæðafélaga/-deilda. Markmið með sameiginlegri fræðslu á vegum KÍ þvert á aðildarfélög er að nýta hagkvæmni og kosti stærðarinnar, að skapa samræðuvettvang milli skólastiga/skólagerða og efla þannig samstarf og tengsl milli allra félagsmanna KÍ. Í fræðslunefnd sitja varaformaður KÍ sem stýrir starfi hennar og fulltrúar FG, FF, FL og FT, einn fulltrúi stjórnendafélaganna (SÍ, FSL og FS) auk starfsmanns siðaráðs, jafnréttis- og vinnuumhverfisnefndar KÍ. **Aðalheiður Steingrimsdóttir er formaður fræðslunefndar.**



Mynd 13. Fjöldi kvenna og karla í fræðslunefnd KÍ




## Skoðunarmenn reikninga KÍ

Skoðunarmenn reikninga fylgjast með fjárhagsstöðu KÍ og sjá til þess að farið sé eftir samþykktum þings og stjórnar. Einn karl og ein kona eru skoðunarmenn reikninga KÍ.

## Tilnefndir fulltrúar í erlendu samstarfi fyrir hönd KÍ

Kennarasambandið tekur þátt í erlendu samstarfi kennara í Evrópu og á hinum Norðurlöndunum. KÍ á aðild að:


- Alþjóðasambandi kennara (EI) sem er fjölmennasta samband stéttarfélaganna í heiminum. Í því eru um 30 milljónir félaga úr um 400 samtökum í um 170 löndum og landsvæðum víðs vegar um veröldina. Hlutverk EI er að tengja saman kennara og aðra starfsmenn menntastofnana vítt og breitt um heiminn.
- Evrópudeild Alþjóðasambands kennara (ETUCE) sem samanstendur af 135 stéttarfélögum kennara í 45 löndum og í því eru 12,8 milljónir manna sem búa víðs vegar um Evrópu. Aðildarfélög ETUCE eru stéttarfélög kennara og annarra starfsmanna skóla á öllum skólastigum, frá leikskóla til starfsgreinaskóla og háskóla. Formaður KÍ, Þórður Á. Hjaltsted, situr í stjórn sambandsins. EMU eru sambærileg samtök á vettvangi kennara og stjórnenda tónlistarskóla í Evrópu.
- Norrænu kennarasamtökin (NLS) eru samstarfsvettvangur norrænna stéttarfélaganna kennara á öllum skólastigum. Eitt meginhlutverk samtakanna er að stuðla að þróun skólamála og auka vegsemd kennarastarfsins í samfélaginu. Fulltrúar KÍ sækja stjórnarfundum árlega og fundi fyrir hvert skólastig. NUMU eru sambærileg samtök á vettvangi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum á Norðurlöndunum.



Mynd 14. Fjöldi kvenna og karla sem eru fulltrúar KÍ í erlendu samstarfi

## Fulltrúar KÍ í ýmsum nefndum og ráðum


Margir fulltrúar á vegum KÍ og aðildarfélaganna starfa í þeirra nafni í hinum ýmsu nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta og ýmissa stofnana, samtaka og hagsmunaaðila. Í allt eru skráðir 118 einstaklingar í þessum hópum árið 2015, alls 80 konur (68%) og 38 karlar (32%) (mynd 15).



Mynd 15. Fulltrúar KÍ og/eða aðildarféлага í nefndum og ráðum eftir kyni

## FÉLAGSLEGIR TRÚNAÐARMENN

Félagslegur trúnaðarmaður er fulltrúi félagsmanna stéttarfélagsins á vinnustað (þar sem fjöldi félagsmanna er fimm eða fleiri). Hans hlutverk er aðallega að fylgjast með að farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga og að réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur á vinnustaðnum. Hann er tengiliður stéttarfélags og vinnustaðar og starfar í þágu félagsmanna stéttarfélagsins.




Mynd 16. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla sem eru trúnaðarmenn í aðildarfélagum og KÍ

Hjá FS, FSL og SÍ gildir eftirfarandi fyrir trúnaðarmenn:

- Félagsmenn í FS kjósa sér ekki félagslega trúnaðarmenn.
- Aðalmenn í samráðsnefnd FSL eru trúnaðarmenn leikskólastjóra. Félagsmenn FSL geta valið sér þann fulltrúa í nefndinni sem þeir vilja að sé sinn trúnaðarmaður.
- Formenn svæðafélaga SÍ eru trúnaðarmenn grunnskólustjóra á hverju svæði.

## AÐILDARFÉLÖG KÍ

Aðildarfélag KÍ eru átta, þ.e. Félag grunnskólakennara (FG), Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag leikskólakennara (FL), Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag stjórnenda leikskóla (FSL) og Félag kennara á eftirlaunum (FKE). **Félagsmenn eru í allt rúmlega 10 þúsund og þar af eru um 80% konur.** Félagsmenn FKE eru ekki inn í þeirri tölu þar sem þeir eru ekki skráðir sem virkir félagsmenn í félagaskrá KÍ.




Mynd 17. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í aðildarfélagum KÍ

## Formenn og varaformenn aðildarfélaga KÍ

Aðildarfélag	Formaður	Varaformaður
FL	♂ Haraldur F. Gíslason	♀ Fjóra Þorvaldsdóttir
FSL	♀ Ingibjörg Kristleifsdóttir	♂ Sigurður Sigurjónsson
FG	♂ Ólafur Loftsson	♀ Guðbjörg Ragnarsdóttir
SÍ	♀ Svanhildur M. Ólafsdóttir	♀ Ingileif Ástvaldsdóttir
FF	♀ Guðríður Arnardóttir	♀ Hanna Björg Vilhjálmisdóttir
FS	♂ Ólafur H. Sigurjónsson	♀ Snjólaug Bjarnadóttir
FT	♀ Sigrún Grendal	♀ Ingunn Ósk Sturludóttir
FKE	♀ Þóra Alberta Guðmundsdóttir	♀ Þóra Kristinsdóttir


Tafla 1. Formenn og varaformenn aðildarfélaga KÍ



Mynd 18. Fjöldi formanna og varaformanna aðildarfélaga KÍ eftir kyni

## Félag leikskólakennara

Félag leikskólakennara (FL) er annað fjölmennasta aðildarfélag KÍ með um 2.200 félagsmenn. Félagið var upphaflega stofnað 6. febrúar 1950.



Mynd 19. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FL, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn svæðadeilda FL


Varamenn í stjórn FL eru tvær konur og varamenn í skólamálanefnd eru tvær konur.

Í stjórn Vísindasjóðs FL og FSL situr einn fulltrúi FL, einn fulltrúi FSL og tveir fulltrúar SNS. Fulltrúar FL og FSL er konur og fulltrúar SNS eru karlar.

Í framboðsnefnd sitja þrjár konur og ein til vara. Í kjörstjórn sitja tvær konur og ein til vara. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru tvær konur.

## Félag stjórnenda leikskóla

Félag stjórnenda leikskóla (FSL) var stofnað þann 30. apríl 2010.



**Mynd 20. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FSL, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn svæðadeilda FSL**


Varamenn í stjórn FSL eru þrjár konur, í samninganefnd tvær konur og í skólamálanefnd tvær konur.

Í stjórn Vísindasjóðs FL og FSL situr einn fulltrúi FL, einn fulltrúi FSL og tveir fulltrúar SNS. Fulltrúar FL og FSL er konur og fulltrúar SNS eru karlar.

Í framboðsnefnd sitja þrjár konur og tvær til vara. Í kjörstjórn sitja þrjár konur og tvær til vara. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru tvær konur.

## Félag grunnskólakennara

Félag grunnskólakennara (FG) er fjölmennasta aðildarfélag KÍ með um 4.600 félagsmenn. Með stofnun félagsins í nóvember 1999 sameinuðust allir grunnskólakennarar landsins í fyrsta sinn í einu félagi.



**Mynd 21. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FG, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn svæðafélaga FG**


Varamenn í stjórn FG eru þrjár konur og einn karl og á það sama við um varamenn í samninganefnd. Varamenn í skólamálanefnd eru fimm konur.

Í stjórn verkefna- og námsstyrkjasjóðs, Vonarsjóðs, sitja tveir fulltrúar FG, einn fulltrúi SÍ og tveir fulltrúar SNS. Fulltrúar FG eru konur, fulltrúi SÍ er karl og fulltrúar SNS eru tvær konur.

Í kjörnefnd sitja tvær konur, einn karl og þrjár konur til vara. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru tvær konur en varamaður er karl.

## Skólastjórafélag Íslands

Skólastjórafélag Íslands (SÍ) varð til í núverandi mynd árið 1974. Þá hét það Félag skólastjóra og yfirkennara en nafninu var breytt árið 1990 eftir að starfsheiti yfirkennara var breytt í aðstoðarskólastjóra.




**Mynd 22. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í SÍ, stjórn, samninganefnd, kjarraráði, skólamálanefnd og formenn svæðafélaga SÍ**

Varamenn í stjórn SÍ eru ein kona og tveir karlar. Félagslegir skoðunarmenn eru einn karl og ein kona og á það einnig við um varamenn.

## Félag framhaldsskólakennara

Félag framhaldsskólakennara (FF) var stofnað 12. nóvember 1999 en forverar þess voru Hið íslenska kennarafélag og Félag framhaldsskólakennara, hið eldra.



**Mynd 23. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FF, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn svæðadeilda FF**

Varamenn í stjórn FF eru tvær konur, varamenn í samninganefnd eru ein kona og tveir karlar. Varamenn í skólamálanefnd eru tveir karlar.


Í stjórn Vísindasjóðs FF og FS sitja tveir fulltrúar FF, ein kona og einn karl, ásamt fulltrúa FS sem er kona. Varamenn í stjórn eru tvær konur.

Í uppstillingarnefnd sitja tvær konur, einn karl og tveir karlar til vara. Í kjörstjórn sitja tvær konur, einn karl og tveir karlar til vara. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru karl og kona og varamaður er kona.

Í samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara á FF tvo fulltrúa, báðar konur, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis er karl, fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla er kona og fulltrúi Háskóla Íslands er karl.

## Félag stjórnenda í framhaldsskólum

Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS) var stofnað árið 1999 og félagsmenn eru aðstoðarskólameistarar, konrektorar, staðgenglar skólameistara/rektors, áfangastjórar og aðrir sem eru í a.m.k. hálfri stöðu sem stjórnendur í framhaldsskólum.




**Mynd 24. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FS og stjórn FS**

Félagslegir skoðunarmenn reikninga FS eru tveir karlar og einn til vara.

## Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) var stofnað 21. nóvember 1982. Nafni félagsins var breytt á aðalfundi þess í febrúar 2015 en það hét áður Félag tónlistarskólakennara. Í félaginu eru þeir sem kenna við tónlistarskóla, skólastjórar og millistjórnendur tónlistarskóla og þeir sem starfa við stofnanir sem þjóna tónlistarskólum.



**Mynd 25. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FT, stjórn, samninganefnd, fagráði tónlistarskóla og formenn svæðafélaga FT**

Varamenn í stjórn eru þrír karlmenn. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru tvær konur og einn karl til vara.

Í stjórn starfsmenntunarsjóðs tónlistarkennara á FT einn fulltrúa sem er karl, fulltrúi Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) er líka karl og fulltrúar SNS eru báðir karlar.




Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar starfar samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr.75/1985. Í nefndinni á sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem er karl, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólastjóra, sem er karl, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, sem er kona (varamaður fulltrúa FT er karl) og tveir fulltrúar án tilnefningar og eru þeir kona og karl.

Prófanefnd tónlistarskóla var sett á fót að frumkvæði Sambands tónlistarskólastjóra (STS), FT og FÍH að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í prófanefnd tónlistarskóla er fulltrúi FT og FÍH kona (varamaður líka kona), tveir fulltrúar kosnir af fulltrúaráði eru karlar (varamaður kona), fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga er karl (varamaður líka) og fulltrúi STS er kona (varamaður líka).

## STARFSFÓLK Í KENNARAHÚSI

Í Kennarahúsinu eru skrifstofur Kennarasambandsins og félaga innan þess og einnig skrifstofur orlofssjóðs KÍ, sjúkrasjóðs KÍ auk tveggja af fjórum endurmenntunarsjóðum aðildarfélaga KÍ.



Mynd 26. Fjöldi kvenna og karla sem starfa á skrifstofum KÍ og aðildarfélaganna



## Kennarasamband Íslands

Laufásvegi 81  
101 Reykjavík

Sími: 595 1111  
Netfang: [ki@ki.is](mailto:ki@ki.is)  
Vefur: [www.ki.is](http://www.ki.is)